



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 3. júní 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson, Þórdís Anna Gylfadóttir (Teams).

Fjarverandi: Katla Gísladóttir (veik)

1. Heimsókn úr Kársnesskóla

Jón Magnússon kemur með þrjá bekki úr Kársnesskóla í heimsókn. Byrja í veislusalnum með kynningu og fyrirlestri sem Þórdís sér um og svo er farið á bak í Reiðhöllinni þar sem nokkrir ungir Sprettarar aðstoða. Þórdís kemur þessu í bæjarblöðin, virkilega gott framtak hjá Jóni.

2. Samskipahöllin

Öryggismiðstöðin kemur í fyrramálið til að yfirfara Öryggiskerfið í Samskipahöllinni, eitthvað sem Hermann var með í vinnslu. Einnig ætlar Lárus málari að laga nokkur mál í Veislusalnum og anddyrinu.

3. Kynbótasýningar

48 skráningar eru komnar í dag en eflaust eiga einhver hross eftir að bætast við, Haukur er með undirbúning á vellinum á hreinu. Bóka höllina, spurning að kanna hvort sleppa megi FM útsendingu og nota Net-útsendingu í staðinn. Virka þarf Vallarnefnd og ræða við Matthildi um mat og tala við Pétur hjá RM, Þórdís fer í málið. Sigurbjörn talar við Erlu Guðnýju um hvað þarf að undirbúa fyrir sýninguna.

4. Landsmót 2026

Fara þarf í að útvega ungum Spretturum hestapláss og verður haft samband við nokkra mögulega staði á næstu dögum/vikum. Óskað var eftir því að Katla taki þetta að sér.

5. LH fyrirspurn

Kópavogur hafði samband við LH og bauð miðbæjarreið í tengslum við hátíðarhöldin þann 17 júní. Mögulega Teamsfundur með LH og Kópavogsbæ á næstu dögum. Fyrirvarinn er stuttur og ekki víst að aðstæður bjóði upp á hestaumferð

6. Reiðhallarskipulag

Meistaradeild ungmenna hefur óskað eftir því að fá að halda mótið að einhverju leiti í Spretti. Þórdís, Sigurbjörn og Jónína hittu Valdimar Ómarsson á fundi og fóru yfir stöðuna. Ákveðið í fyrstu að bjóða að halda Fjörgang og Slaktaumatölt í Spretti og leggja upp með 45 mín í æfingatíma. Sigurbjörn tala við Ómar.

Töltgrúppan þarf að komast að og er Þórdís búin að hafa samband við Guðrúnu Valsteinsdóttur. Þórdís fer í að raða niður viðburðum fyrir komandi tímabil.

7. Starfsmannamál

Allir sammála um að ráða starfsmann í stað Ragnars eins og rætt var á síðsta fundi. Þyrfti að gerast sem fyrst. Nokkrir aðilar koma til greina, málið er í vinnslu.

8. **Önnur mál**

Þórdís veður í sumarfríi í júlí.

Samþykkt var að leigja veislusalinn á Metamótshelgina með þeim fyrirvörum að það sé hestamót í gangi með tilheyrandi hávaða og umferð.

Samþykkt var að fá Loftorku til að setja sand í hringgerðið sem er staðsett við vestur endann á Fluguvöllum.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson